

Fimmtudaginn 27. ágúst 1992.

Nr. 332/1992. **Barð hf.**

gegn

Lífeyrissjóði Vestfirðinga,

Hólmi hf.,

Steinbjörgu hf. og

uppboðshaldaranum í

Barðastrandarsýslu o.fl.

Kærumál. Nauðungaruppboð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Hrafn Bragason.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 6. júlí 1992, sem barst réttinum 13. ágúst sama ár. Hann krefst þess, að dæmd verði ógild sú ákvörðun uppboðshaldara Barðastrandarsýslu að hafna boði hans í m/b Eleseus, BA-328, á uppboðsþingi 25. júní 1992 og uppboðshaldara verði jafnframt dæmt skylt að taka boð kæranda til athugunar og samþykktar. Þá krefst hann þess, að sér verði dæmdur málskostnaður úr hendi varnaraðila að viðbættum virðisaukaskatti og að málskostnaðarfjárhæðin beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Varnaraðili Hólmur hf. hefur krafist þess, að dómkröfum sóknaraðila verði hafnað og hin kærða ákvörðun sýslumanns Barðastrandarsýslu staðfest. Til vara krefst hann þess, að verði hinni kærðu ákvörðun hrundið, verði uppboðshaldara gert skylt að halda áfram nauðungaruppboði á skipinu, þar sem frá var horfið, og varnaraðila gefinn kostur á að gera frekari boð í skipið og neyta réttar síns sem ófullnægður veðhafi. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi sóknaraðila og að málskostnaðurinn beri dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Uppboðshaldari Barðastrandarsýslu krefst þess, að höfnun sín á boði Barðs hf. í m/b Eleseus, BA-328, á uppboðsþingi 25. júní 1992 verði staðfest og sóknaraðili greiði allan kærumálskostnað.

Frá öðrum varnaraðilum hafa hvorki borist kröfur né greinargerðir.

Hinn 25. júní sl. var háð uppboð á m/b Eleseus, BA-328, í uppboðsrétti Barðastrandarsýslu. Á því uppboði mætti Hjörleifur Guðmundsson, stjórnarformaður sóknaraðila, fyrir hönd gerðarpóla Steinbjörgu hf. Á uppboðsþingi lagði hann fram umboð frá gerðarpóla. Uppboðshaldari bókar því næst, að þar sem Hjörleifur sé ólöglærður, sé hann leiðbeiningarskyldur gagnvart honum. Fram komu mótmæli um, að uppboðið færi fram samkvæmt kröfu Hólms hf., og var þess þá óskað af hálfu Lífeyrissjóðs Vestfirðinga, að uppboðið færi fram í hans nafni.

Uppboðshaldarinn úrskurðaði svo, að mótmæli Steinbjargar hf. væru ekki tekin til greina og uppboðið færi fram. Var það rökstutt með því, að Hólmur hf. væri ekki eini uppboðsbeiðandinn. Hjörleifur Guðmundsson mótmælti úrskurði þessum og kvaðst myndu áfrýja honum. Af hálfu Lífeyrissjóðs Vestfirðinga var þess krafist, að uppboðið færi fram þrátt fyrir yfirlýsingu um áfrýjun. Varð uppboðshaldari við þeirri ósk. Komu fram nokkur boð í eignina frá Fiskveiðasjóði, Hólmi hf. og Byggðastofnun, síðast 27.500.000 krónur frá Hólmi hf., og var krafist útlagningar. Hjörleifur Guðmundsson bauð þá 28.000.000 krónur fyrir hönd Íshafs og upplýsti, að það væri einkafyrirtæki Nielsar Ársælssonar. Krafist var upplýsinga um tryggingar, og kvað Hjörleifur þær ekki fyrir hendi. Uppboðshaldari hafnaði þá boðinu. Bauð Hjörleifur þá sömu fjárhæð fyrir hönd sóknaraðila. Var krafist tryggingar af hálfu eins uppboðsbeiðanda. Er þá bókað á uppboðsþingi:

„Hjörleifur segir, að hann hafi ekki aðrar tryggingar en fiskibátinn Ísborgu, BA-477, sem er skuldsett fyrir 15 - 18 millj. kr.

Uppboðshaldari hafnar boðinu.“

Hjörleifur Guðmundsson lýsti þá yfir, að hann myndi kæra bæði höfnun boðs Íshafs og Barðs hf. Uppboðshaldari tók sér síðan 14 daga frest til að athuga boð Hólms hf.

Samkvæmt 5. mgr. 97. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu ber að ljúka máli þessu hér fyrir dómi samkvæmt ákvæðum laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð.

Samkvæmt 8. gr. laga nr. 57/1949 var sóknaraðili ekki aðili uppboðs, og átti því Hjörleifur Guðmundsson ekki rétt á sérstakri

leiðbeiningarskyldu uppboðshaldara, þegar hann kom fram fyrir sóknaraðila á uppboðinu. Enginn aðila uppboðsins samkvæmt 8. gr. laga um nauðungaruppboð hefur tekið undir kröfur hans. Skilja verður bókun uppboðshaldara svo, að hann hafi hafnað boðinu, þar sem hann hafi ekki talið sóknaraðila geta fullnægt uppboðsskilmálum. Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. sömu laga á hann ekki heimtingu á því, að honum sé slegin eignin. Kröfur sóknaraðila eru þegar af þessum ástæðum ekki teknar til greina.

Rétt er, að sóknaraðili greiði varnaraðila Hólmi hf. 35.000 krónur í kærumálskostnað. Uppboðshaldari Barðastrandarsýslu beri sinn kærumálskostnað sjálfur.

D ó m s o r ð:

Hafnað er kröfum sóknaraðila.

Sóknaraðili, Barð hf., greiði varnaraðila Hólmi hf. 35.000 krónur í kærumálskostnað.
